

SJÁLFSMATSSKÝRSLA

FLÓASKÓLA 2015 - 2016



Flóaskóli

Villingaholt

801 Selfoss

©Sjálfsmatsskýrsla Flóaskóla 2015 – 2016

Prentun: Flóaskóli

Sjálfsmatsskýrsla og úrbótaáætlun Flóaskóla

Skólaárið 2015 – 2016

Unnin í ágúst 2016

Flóaskóli

Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri

og

Katrín Ósk Þráinsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Markmið og tilgangur	6
3	Fjögurra ára matsáætlun Flóaskóla	7
4	Aðferðir og framkvæmd	8
5	Niðurstöður matsins	8
5.1	Nám og kennsla	8
5.2	Samstarf heimila og skóla	9
5.3	Líðan nemenda	10
5.4	Starfsandi og starfsánægja	11
5.5	Aðrir þættir	13
6	Samantekt og ábendingar	14
7	Umbótaáætlun	15
8	Viðauki	17
8.1	Svót greining unnin úr öllum gögnum sjálfsmatsins	17
8.2	Styrkleikar	17
8.3	Veikleikar	19
8.4	Tækifæri	19
8.5	Ógn/gæta að	20
8.6	Viðbrögð og úrbætur	20

1 Inngangur

Í Flóaskóla er unnið undir einkunnarorðunum hugur – hjarta – hönd. Leitast er við að hafa þessi einkunnarorð að leiðarljósi í skólastarfinu. Lögð er áhersla á að allir nemendur fái að njóta sín og líði vel í skólanum. Einnig er mikil áhersla lögð á góða kennslu í bóknáms- og verkgreinum og að horft sé til nemendamiðaðs náms. Lögð er áhersla á að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum og geti valið sér fjölbreytt verkefni eftir áhugasviði og að þeir þjálfist í félagsfærni í samvinnu við aðra nemendur og starfsfólk. Mikil áhersla er lögð á að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn nemenda og þjálfra þá í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Í þeirri vinnu höfum við notast að nokkru leyti við *Uppeldi til ábyrgðar* (UTÁ). Flóaskóli starfar jafnframt samkvæmt *Olweus – áætlun gegn einelti og andfélagslegu atferli*.

Lögð er áhersla á að uppfylla ákvæði Aðalnámskrár grunnskóla og að grunnþættirnir sex séu samofnir öllu starfi í skólanum. Grunnþættirnir eru eftirfarandi: *læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og jafnrétti*. Í samvinnu við heimilin viljum við búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi, dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því. Í Flóaskóla viljum við rækta hæfileika hvers og eins nemanda svo hann nái að þroskast og mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs sem einkennist af mannhelgi, réttlæti og félagsanda, virði mismunandi einstaklinga og leyfi einkennum þeirra að njóta sín.

Síðastliðið ár hefur verið unnið að ýmsum úrbótum á þáttum sem komu illa út í síðustu matsskýrslu. Þar má t.d. nefna að uppsetning á heimasíðu skólans hefur verið kláruð og upplýsingar sem vantaði þar hafa verið settar inn. Eins var óveðursáætlun skólans endurskoðuð og tímasetningum breytt þannig að foreldrar fái upplýsingar tímanlega.

Teymiskennsla var tekin upp á öllum skólastigum og svo virðist sem þessi breyting hafi haft jákvæð áhrif á ýmsa þætti skólastarfsins og almennt ríkir ánægja með þessa kennslutilhögun. Teymiskennslan auðveldaði t.a.m. möguleikann á samkenndu í námshópum, sem var einn af þeim þáttum sem lagt var upp með í umbótaáætlun fyrir þetta skólaár.

Fjölmarginir ytri þætti hafa áhrif á skólastarfið, bæði til góðs og aðrir til hins verra.

Aðalnámsskrá, kjarasamningar og vinnumat eru t.d. allt þættir sem ramma skólastarf niður á ákveðinn hátt og vinna verður skólastarfið út frá þessum þáttum. Skólahúsnæðið, íþrótt og sundaðstaða og staðsetning skólans eru áhrifapættir, rétt eins og fjármagn og samstarf við

skólanefnd og sveitarstjórn. Stuðningur fyrirtækja og félagasamtaka er einn þáttur sem getur stutt vel við skólastarf sem og gott samstarf við aðra skóla í og utan sveitafélagsins og skólaþjónustu Árnesþings.

2 Markmið og tilgangur

Í gildandi lögum um grunnskóla er kveðið á um sjálfsmat í skólum þ.e. að hver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig faglegan grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og þarf að vera langtímamiðað. Með sjálfsmatinu fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. **Sjálfsmat** er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi og er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarfið. Sjálfsmat er ásamt því liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Flóaskóla er greint frá innra mati skólans. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem þegar hafa orðið til og þeirri vinnu sem hefur farið fram. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Flóahrepps í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar á ýmsum þáttum skólastarfsins. Umbóta- og aðgerðaáætlun fyrir komandi skólaár er búin til á grunni þessara upplýsinga og er einn hluti sjálfsmatsins.

Tilgangur innra mats er fyrst og fremst sá, að skoða þætti skólastarfsins með skólaþróun í huga. Rýnt er í hvaða þættir ganga vel og hvað betur má fara. Þannig getur starfsfólk skólans unnið að framþróun; metið hvort markmiðum skólans hafi verið náð, endurskoðað þau og stuðlað að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og [aðalnámskrá](#), sem og staðbundin markmið sem skólinn setur fram í skólanámskrá. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll fyrir umbætur.

Skýrslan á að nýtast sem vinnuþegg fyrir starfsmenn skólans um mat á skólastarfinu. Þannig verður matið tæki til þess að gera aðgerðaráætlanir til þess að hægt sé að vinna að áframhaldandi skólaþróun Flóaskóla. Sjálfsmatsskýrsla þessi er skrifuð með það fyrir augum að hún skuli verða opinber og birt á heimasíðu skólans: <http://www.floaskoli.is>.

3 Fjögurra ára matsáætlun Flóaskóla

Sjálfsmatið byggir á fjögurra ára áætlun þar sem allir þættir skólastarfsins eru skoðaðir. Sumir þættir eru skoðaðir nokkrum sinnum á þessum fimm árum en aðrir þættir einu sinni.

2013-2014	2014-2015	2015-2016	2016-2017
		Skólanámskrá – s.s. stefna, markmið, námsmat og inntak náms	
		Starfsáætlun – s.s. skipulag, stoðþjónusta, skólareglur og verkferlar	
	Nám og námsárangur		
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
	Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska		
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf	Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi, samstarf
Stjórnun	Stjórnun	Stjórnun	Stjórnun
			Viðmót og menning skóla
	Aðbúnaður		
Samstarf heimila og skóla			
		Ytri tengsl - önnur skólastig og nærsamfélagið	
Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf	Umbótaaðgerðir/þróunarstarf
			Ráðstöfun auðlinda – s.s. fjármagns, tíma, mannauðs og búnaðar

4 Aðferðir og framkvæmd

Í þessari skýrslu um sjálfsmat Flóaskóla er greint frá innra mati skólans. Matið er unnið af stjórnendum skólans á grunni upplýsinga sem þegar hafa orðið til og þeirri vinnu sem hefur farið fram. Niðurstöður eru bornar saman við markmið skólans og stefnu Flóahrepps í fræðslumálum og metnar eru sterkar og veikar hliðar á ýmsum þáttum skólastarfsins. Umbóta og aðgerðaáætlun fyrir komandi skólaár er búin til á grunni þessara upplýsinga og er einn hluti sjálfsmatsins. Frá upphafi Flóaskóla hefur skólinn byggt sjálfsmatið á viðhorfskönnunum og spurningalistum fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skólans, styrk- og veikleikagreiningum, umræðum og mati starfsfólks, starfsþróunarsamtölum, skólanámskrá og starfsáætlun skólans. Við úrvinnslu gagna var notast við SWOT greiningu.

5 Niðurstöður matsins

Til að rýna í niðurstöður sjálfsmatsins var matsþáttunum skipt upp í fimm grunnþætti: nám og kennsla, samstarf heimila og skóla, líðan og þarfir nemenda, líðan og þarfir starfsfólks og aðrir þættir. Lagðar eru fram matsspurningar í hverjum þætti og svörin dregin saman úr þeim könnunum og gögnum sem liggja fyrir. Jafnframt er leitast við að koma með hugmyndir að leiðum til úrbóta þar sem umbóta er þörf og eins er lagt til áframhald á ákveðnum starfsháttum þar sem niðurstöður mats eru góðar.

5.1 Nám og kennsla

Hvernig er skipulagi kennslu háttað í Flóaskóla og hvernig er það að reynast?

Eru fjölbreyttir kennsluhættir notaðir í Flóaskóla?

Er námið í Flóaskóla sniðið að þörfum hvers einstaklings?

Gagnaöflun: Skólapúlsinn; starfsmanna- og nemendaviðtöl.

Talsverð teymiskennsla var í Flóaskóla þetta árið og gaf hún tækifæri til samkennslu árganga og meiri möguleika á mismunandi hópaskiptingu í kennslustundum. Þessi breyting á skipulagi kennslu reyndist mjög vel og almenn ánægja var með teymiskennsluna, a.m.k. á meðal kennara og foreldra en engin gögn segja til um hvað nemendum finnst um þennan þátt. Með auknum möguleika á mismunandi hópaskiptingu er auðveldara að sníða námið að þörfum hvers einstaklings (einstaklingsmiðað nám) og nota fjölbreytta kennsluhætti, en skólinn leggur áherslu á þessa þætti. Önnur afleiða af teymiskennslunni var fjárhagslegur hagnaður í rekstri skólans, þar sem kennslustundafjöldi lækkaði. Þó verður að benda á að slíkt er ekki gefin forsenda á hverju ári þar sem árgangar geta breyst að stærð á milli ára, sem og samsetning nemendahópsins.

Trú nemenda á eigin námsgetu hækkaði verulega á milli ára á meðan vinnubrögð í námi kom frekar illa út hjá nemendum Flóaskóla (-0,8% undir landsmeðaltali). Þetta eru niðurstöður sem kennarar skólans munu horfa á og vinna með í kennslunni.

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er marktækt yfir meðaltali á landsvísu og því ber að fagna. Foreldrar nefna nokkra þætti skólastarfsins sem þeir eru ánægðir með og þar á meðal eru; stoðþjónusta, áhugasvið, nemendaferðir, samvinna í kennslu og einstaklingsmiðun. Þessar niðurstöður hvetja okkur til að halda áfram á sömu braut; hafa þessa þætti áfram inni í skólastarfinu og sinna þeim af kostgæfni.

5.2 Samstarf heimila og skóla

Eru foreldrar í Flóaskóla virkir þátttakendur í námi barna sinna?

Er upplýsingaflæði á milli heimila og skóla gott?

Gagnaöflun: Skólapúlsinn, starfsmannaviðtöl og Aðalnámsskrá grunnskóla.

Samkvæmt Skólapúlsinum er einn þáttur sem skilur Flóaskóla nokkuð frá landsmeðaltali, en það er heimastuðningur. Virkni foreldra í námi barna sinna er 0,5% undir meðaltali og 20,8% undir meðaltali varðandi tíma sem foreldrar aðstoða við heimanám. Seinni prósentutöluna má skýra að einhverju leyti með því að tími í heimavinnu á viku er 22,1 mínútu undir meðaltali á landsvísu og því eðlilegt að foreldrar verji minni tíma í aðstoð við heimanám þar

sem heimanám er talsvert minna í Flóaskóla heldur en að jafnaði í öðrum skólum. Foreldrar hér eru ánægðir með magn heimanáms en þeir skora 13,8% fyrir ofan meðaltal varðandi þann þátt. Nemendur voru spurðir um mikilvægi heimavinnu í náminu í nemendakönnun og skora þeir 0,8% undir meðaltali sem segir okkur að þeim finnst heimanám ekki jafn mikilvægt og nemendum annars staðar af landinu.

Niðurstöður varðandi virkni foreldra í námi barna sinna er atriði sem við þurfum að skoða nánar, en í Aðalnámsskrá grunnskóla segir: „Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu er mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar bera ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna“.

Ánægja foreldra með heimasíðu skólans er þáttur sem kemur illa út í Skólapúlsinum (-21,4%). Jafnframt eru einhverjir foreldrar óánægðir með að skilaboð berist seint eða illa frá skóla, á meðan aðrir hrósa umsjónarkennurum fyrir vikupóstana og eru mjög ánægðir með þá. Þessi atriði hafa nú þegar verið tekin til athugunar og t.a.m. voru þær upplýsingar sem vantaði inn á heimasíðuna settar þar inn fljótlega eftir að þessar niðurstöður bárust. Eins var óveðursáætlun skólans uppfærð og foreldrar fá nú upplýsingar varðandi það fyrr en áður var. Skólastjórnendur eru jafnframt að skoða úthringi-kerfi sem gott væri að nota til að koma upplýsingum til foreldra. Áfram verður haldið með vikupósta frá umsjónarkennurum á næsta skólaári.

5.3 Líðan nemenda

Er líðan nemenda í Flóaskóla góð og hvað er gert til að tryggja góða líðan nemenda?

Gagnaöflun: Skólapúlsinn (nemenda- og foreldrakönnun), Olweuskönnun (eineltiskönnun) og könnun á líðan (Skólabjónustan).

Almennt virðist Flóaskóli koma vel út úr þessum þætti, enda hefur skólinn lagt mikla áherslu á þennan þátt í skólastarfinu og t.a.m. var sú nýjung tekin upp að hafa starfsmann í stoðþjónustuteymi skólans sem vinnur sérstaklega að líðan og félagslegum þáttum nemenda, auk þess að halda utan um uppeldisstefnu skólans (Uppeldi til ábyrgðar). Vellíðan nemenda hér mælist 0,4% fyrir ofan landsmeðaltal. Haldið verður áfram þessu starfi og stofnað verður UTÁ (Uppeldi til ábyrgðar) teymi í upphafi nýs skólaárs sem mun útbúa áætlun fyrir skólaárið og teymið mun jafnframt bera ábyrgð á (með stjórnendum) að nýir starfsmenn tileinki sér stefnuna og vinni eftir henni.

10,4% nemenda í Flóaskóla segjast lenda í einelti samkvæmt Olweuskönnuninni og er það yfir meðaltali á landsvísi á meðan einelti í Flóaskóla reiknast undir landsmeðaltali í nemendakönnun Skólapúlsins. Óháð því hvor talan sé réttari þá er ljóst að markmiðið er að lækka þessa tölu og munum við leitast við að leita leiða til að minnka einelti í Flóaskóla á komandi skólaári. Góð reynsla hefur verið af eineltisáætlun Flóaskóla (ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er 15,2% fyrir ofan landsmeðaltal) og munum við vinna áfram eftir henni.

5.4 Starfsandi og starfsánægja

Hvernig er starfsánægja og líðan starfsmanna við Flóaskóla og hvað er það sem hefur áhrif á þessa þætti?

Gagnaöflun: Skólapúlsinn (starfsmannakönnun) og starfsmannaviðtöl.

Starfsánægja og starfsandi starfsmanna kom illa út í Skólapúlsinum (-1,1% í báðum þáttum) og kom sú niðurstaða ekki á óvart þar sem þegar var hafin vinna við að bæta starfsánægju þeirra starfsmanna sem höfðu tjáð sig um minnkaða starfsánægju. Talsverð vinna hefur farið í að rýna í hvaða þættir eru að koma illa út til að hægt sé að ráðast að vandanum en það sem flækir málið er að óánægjan er ekki heilt yfir heldur virðist sem það sé frekar einn hópur starfsmanna sem er óánægður á meðan annar hópur starfsmanna er ánægður í starfi. Stjórnun skólans hefur verið gagngrýnd af einhverjum starfsmönnum, þá sérstaklega

stjórnunarhættir skólastjóra og að stjórnendateymið hafi ekki verið nægilega samstíga og það hafi valdið starfsfólki óöryggi. Þá hefur verið nefnt slakt upplýsingastreymi innan skólans (-1,0%) og skipulagsleysi. Aðrir þættir sem starfsmenn hafa nefnt og hafa neikvæð áhrif á starfsánægju eru: slæm aðstaða í matartíma, veikindatilkynningar, neikvæðni starfsfólks, faglegur stuðningur skólastjóra, lítið/ekki hrós og endurgjöf og illa unnin störf látin viðgangast.

Á hinn bóginn hafa starfsmenn nefnt marga þætti sem hafa áhrif til góðs á starfsánægju og starfsanda og má þar helst nefna: gott samstarf við stjórnendur, jákvæða gagnrýni, gott samstarfsfólk, góð aðstaða, fallegt umhverfi, smæð skólans, teymiskennsla, nemendaferðir og fjölbreytt starf. Það er því ljóst að starfsfólk er ekki sammála um alla þætti; hvorki þá sem óánægja er með né suma þá sem ánægja er með og því erfiðara um vik að bregðast við og stuðla að umbótum.

Umbætur eru hafnar nú þegar og í vetur var vinnustaðasálfræðingur fenginn til að vinna að úrbótum og skilaði það nokkrum árangri. Hlutverk og ábyrgð starfsfólks var gert skýrari en áður með gerð starfslýsinga. Haldinn var trúnaðarfundur án stjórnenda skólans með öllu starfsfólki skólans. Fundurinn var undirbúinn af stjórnendum skólans, trúnaðarmanni kennara og öryggistrúnaðarmanni. Trúnaðarmennirnir sáu um að halda fundinn og skrifuð var ítarleg fundagerð og trúnaðarmenn fóru ítarlega yfir fundagerðina með stjórnendum, fundagerðin var svo afhent stjórnendum. Stjórnendur héldu í kjölfarið fund þar sem ræddar voru leiðir til úrbóta. Markmið fundarins var að opna á umræðuna um neikvæðni og óánægju á vinnustað og hvetja til samábyrgðar alls starfsfólks að bættri starfsánægju. Kaffistofa starfsfólks hefur verið flutt niður á neðri hæð í nýbyggingu í stærra rými en áður, en þröngt var um starfsfólk í þeirri gömlu og um margar tröppur að fara til að komast þangað. Með þessari breytingu mun starfsfólk geta fengið hádegismat á sinni kaffistofu, en áður þurfti að fara yfir í Þjórsárver. Snúið verður til fyrra forms með veikindatilkynningar. Á starfsdögum í haust er búið að skipuleggja námskeið um samskiptastíla fyrir allt starfsfólk. Til að auka upplýsingaflæði til starfsfólks var tekið upp á að senda starfsfólki vikulega stjórnendapósta þar sem fram komu helstu upplýsingar um komandi viðburði, áherslubreytingar og/eða önnur áriðandi skilaboð ásamt hrósi vikunnar sem hefur fengið góðar undirtektir. Stjórnendapóstur verður sendur út á fimmtudögum á nýju skólaári í stað föstudaga eins og var í vetur. Eins er fyrirhugað að setja upp skjá og töflu fyrir upplýsingar í

aðal inngangi skólans fyrir nemendur og starfsfólk. Áframhald á teymiskennslu ætti líka að stuðla að meiri starfsánægju, en í „Ytra mati á skólapjónustu Árnesþings“ segir: „Í teymiskennsluskólum var meiri starfsánægja en annars staðar, meiri umræða um álitamál í starfinu, meira um þróunarstarf og meiri ánægja með stjórnendum“.

5.5 Aðrir þættir

Hvaða þættir aðrir eru að skora marktækt fyrir ofan eða neðan landsmeðaltal og hvaða úrbætur eru áætlaðar á þeim þáttum ?

Gagnaöflun: Skólapúlsinn (nemendakönnun, foreldrakönnun og starfsmannakönnun).

Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár miðað við landsmeðaltal mælist -7,0 dagar.

Eiginleg endurmenntunaráætlun hefur ekki verið í Flóaskóla og starfsmenn hafa ekki þurft að skila inn formlega sinni endurmenntun og því er alls ekki víst að þessi niðurstaða sé rétt.

Endurmenntunaráætlun er í smíðum á borði stjórnenda og mun verða tilbúin fyrir skólabyrjun árs 2016-2017.

Nýting á niðurstöðum kennaramats er þáttur sem skorar -2,1% undir landsmeðaltali. Þessi þáttur tekur bæði til mats kennara á störfum hvers annars og hvort kennarar og stjórnendum bregðist við niðurstöðum slíks mats. Niðurstaðan rímar við athugasemdir varðandi endurgjöf til starfsfólks. Þessar niðurstöður hafa verið skoðaðar á kennarafundi þegar farið var yfir helstu niðurstöður Skólapúlsins en frekari umræður verða teknar upp á fundi í upphafi nýs skólaárs og fundnar leiðir til að bæta þennan þátt.

Þegar spurningin „Telur þú að skólanum sé vel eða illa stjórnað?“ í foreldrakönnun Skólapúlsins er skoðuð má sjá að 70,4% foreldra í Flóaskóla telur að skólanum sé mjög vel eða frekar vel stjórnað en 29,6% telur að skólanum sé frekar illa eða mjög illa stjórnað. Vissulega vildum við sjá enn betri niðurstöður við þessari spurningu og að hægt væri að sjá hvar foreldrar telja pott brotinn í stjórnun skólans til að hægt væri að bregðast við þeim þáttum.

6 Samantekt og ábendingar

Þegar lítið er á matsspurningar í heild og helstu niðurstöður eru dregnar saman má sjá að nám og kennsla gengur vel og er einstaklingsmiðuð. Teymiskennsla reynist vel og styður við gott skólastarf. Líðan nemenda er almennt góð enda unnið markvisst að þeim þætti.

Eineltisáætlun skólans er virk og passa verður upp á að svo verði áfram og heldur að gefa í varðandi utanumhald á þeirri vinnu sem og Uppeldi til ábyrgðar til að tryggja áframhaldandi vellíðan nemenda í Flóaskóla. Virkni foreldra í námi barna sinna er þáttur sem við þurfum að skoða betur, sem og upplýsingastreymi á milli heimila og skóla. Starfsánægja og líðan starfsmanna í Flóaskóla er misjöfn; margir starfsmenn eru ánægðir og líður vel á meðan aðrir eru óánægðir í starfi og líður ekki vel. Nú þegar er komin af stað vinna sem vonandi skilar árangri í rétta átt en áfram verður unnið að þessum þætti. Mikilvægt er að allir starfsmenn átti sig á að þetta er samstarfsverkefni og að allir starfsmenn eru ábyrgir fyrir góðum starfsanda. Eins skiptir utanaðkomandi stuðningur og umræða miklu máli og mikilvægt er að tala upp það jákvæða fremur en það neikvæða.

Úrbótaáætlun			
Umbótaþáttur	Leið til sóknar	Mat	Ábyrgð
Stjórnun & upplýsingaflæði			
	- Ný heimasíða m. föstum upplýsingum sett í loftið - Fréttir úr skólstarfinu settar inn á Facebook síðu Flóaskóla - Mikilvægar upplýsingar sendar á foreldra með SMS úr Mentor - Stjórnendapóstur sendur út á fimmtudögum - Upplýsingaskjór og upplýsingatafla sett upp í aðal inngangi - Umræður milli stjórnenda og kennara varðandi mat og endurgjöf – hvaða leiðir skal fara	- Foreldrakönnun - Starfsmannakönnun	- Skólastjórnendur - Kennarar
Olweus & UTÁ			
	- Olweusáætlun og verkferlar skoðaðir í skólabyrjun - Olweusáætlun fylgt allt skólaárið - Upprifjun á UTÁ í skólabyrjun - UTÁ notað sem ríkjandi	- Olweus könnun - Nemendakönnun - Foreldrakönnun	- Skólastjórnendur - Teymisstjóri UTÁ
Samstarf heimila & skóla			
	- Fræðslufundur varðandi nám og kennslu - Bekkjarkvöld (stigskvöld) með foreldrum	- Foreldrakönnun - Starfsmannakönnun	- Skólastjórnendur - Námsráðgjafi - Umsjónarkennarar
Starfsánægja og líðan			
	- Námskeið um samskiptastíla á starfsdögum í ágúst - Ný kaffistofa tekin í notkun og hádegismatur framreiddur þar fyrir starfsfólk - Nýtt vinnuherbergi kennara tekið í notkun - Veikindatilkynningar einfaldaðar - Ritari ráðinn við skólann - Húsvörður með fastan viðverutíma - Jákvæð og uppbyggileg samskipti	- Starfsmannakönnun - Starfsmannaviðtöl	- Stjórnendur - Sveitastjórn - Allir starfsmenn
Trú nemenda á eigin vinnubrögðum			
	- Umræður við nemendur um eigin vinnubrögð í námi - Fjölbreyttar aðferðir í námi kenndar og prófaðar	- Nemendakönnun - Nemendaviðtöl	- Kennarar - Verkefnastjóri UTÁ - Námsráðgjafi
Endurmenntun			
	- Endurmenntunaráætlun útbúin og kynnt - Kennarar velja sér endurmenntunarleið - Kennarar kynna fyrir öðrum það sem þeir hafa lært - Kennarar skila endurmenntunarskýrslu til stjórnenda	- Starfsmannakönnun - Starfsmannaviðtöl	- Skólastjórnendur - Kennarar - Kennarar og skólastjórnendur - Kennarar

Flóaskóli

Villingaholt

801 Selfoss

8 Viðauki

8.1 Svót greining unnin úr öllum gögnum sjálfsmatsins

SVÓT greining (SWOT analysis) er greinandi aðferð sem er notuð til að finna og flokka innri og ytri áhrifabætti á ákveðnum vettvangi. Styrkleikar og veikleikar tilheyra innri þáttum, en ógnanir og tækifæri tilheyra ytri þáttum. SVÓT greining getur verið mikilvæg við að greina stöðu stofnana og getur gefið góðar upplýsingar við úrbótastarf, breytingastjórnun og/eða skipulagningu. Varast ætti að líta á einungis niðurstöðuna sem SVÓT greiningin gefur, heldur líta á hana sem hluta af þróunarferli.

Í SVÓT greiningunni er safnað upplýsingum um innri og ytri þætti sem hafa, eða hafa ekki, áhrif á þróun stofnunarinnar. Við greininguna verður til listi yfir styrkleika og veikleika sem koma fram við greiningu og einnig listi yfir ógnanir og tækifæri sem verður til við greiningu á ytra umhverfi stofnunarinnar. Unnin var SVÓT greining upp úr öllum gögnum sjálfsmatsins. Í greiningunni voru *helstu styrkleikar skólans taldir upp jafnt og helstu veikleikar hans. Velt er upp sóknarfærum og litið er til þeirra þátta sem gætu haft neikvæð áhrif á skólastarfið.*

8.2 Styrkleikar

Þegar kemur að styrkleikum skólans þá er helsti styrkur skólans fólgin í góðri kennslu og merkingabæru námi. Nemendum gengur almennt vel í námi, stutt er vel við nemendur sem víkja frá hefðbundnum markmiðum. Skólinn kemur vel út í könnunum sem skoða þessa þætti og samvinna um kennslu virðist vera góð (samræmd, próf, skólapúlsinn). Skólinn hefur nýverið tekið upp teymiskennslu þar sem lögð er áhersla á samvinnu og samábyrgð tveggja kennara á kennslunni.

Almenn ánægja virðist vera með eineltisáætlun skólans og úrvinnslu skólans á eineltismálum. Mikil áhersla hefur verið lögð á velferð og líðan nemenda í Flóaskóla og unnið hefur verið markvisst að því að bæta skólabrag m.a með aukinni sérkennslu nemenda í félagsfærni og samskiptum. Einnig með auknum stuðningi við nemendur og nemendahópa en stuðningsfulltrúar við skólann höfðu aldrei verið fleiri en á síðasta ári (foreldrapúls og nemendakannanir). Kennarar tala um góðan stuðning við nemendur með hegðunarörðuleika og mælist ánægja kennara með marktækan mun yfir landsmeðaltali (starfsmannapúls). Stærð skólans er styrkleiki hans og er sá þáttur sem hvað oftast er nefndur sem styrkur skólans og þá oft í samhengi við nánd nemenda við kennara og starfsfólk skólans sem og samskipti milli nemenda. Í bæði nemenda- og foreldrakönnunum kemur fram ánægja með kennara skólans, þar er talað um gott upplýsingaflæði frá kennurum, persónulega nálgun við nemendur og að kennarar séu almennt góðir. Kennarahópur Flóaskóla er með hvað lægstan meðalaldur þegar bornir eru saman skólar af sömu stærð (þ.e. af þeim skólum sem taka þátt í skólapúlsinum) og hefur það í för með sér marga góða kosti, en gæta þarf þó að jafnvægi og gott er að hafa bæði nýútskrifaða kennara í bland við þá reynslumeiri.

Gætt hefur verið vel að starfsmannaviðtölum í Flóaskóla á síðasta ári og mældist skólinn 23,5% yfir landsmeðaltali í matsþætti sem snýr að starfsmannaviðtölum. Ánægja starfsfólks með starfsaðstöðu sína mælist einnig yfir landsmeðaltali.

Ánægja foreldra með nám og kennslu er almennt mjög góð og mælist marktækur munur á milli Flóaskóla og landsmeðaltals. Foreldrar telja nám byggjast á grunnstoðum aðalnámskrár.

Helstu styrkleikar skólans virðast liggja í námi og kennslu, mannauði skólans og áherslu skólans á velferð og vellíðan nemenda, þar eru helst þá nefndir jákvæðir þættir líkt og teymiskennsla, stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarörðuleika, stærð skólans og eineltisáætlun skólans.

8.3 Veikleikar

Þegar helstu veikleikum skólans er velt upp kemur fram minnkuð starfsánægja starfsfólk sem bæði kemur fram í foreldrakönnun og starfsmannakönnun skólans sem og í starfsmannasamtölum og örðum viðtölum við starfsfólk. Stjórnun skólans og þá helst stjórnunarhættir skólastjóra hafa þá helst verið gagnrýndir og mikill samhljómur virðist vera milli foreldra- og starfsmannakönnunarinnar.

Stoðþjónusta skólans hefur verið gagnrýnd fyrir að vera óskipulögð. Valgreinar á unglingastigi hafa ekki verið að takast eins vel til og væntingar stóðu til en þó virðist vera ánægja með smiðjuhelgar nemenda. Aldur starfsfólks Flóaskóla hefur komið fram bæði sem styrkleiki og veikleiki en meðalaldur starfsfólks er vel undir landsmeðaltali. Upplýsingastreymi innan skólans mætti vera betra. Mötuneyti skólans er gagnrýnt. Ánægja virðist vera með matinn en óánægja með mataraðstöðu bæði nemenda og starfsfólks. Nemendur nefna í könnunum að þeim finnist of mikil læti í matsalnum. Hljóðvistin hefur mikið verið rædd og talin vera ekki nægilega góð.

Heimasíða skólans hefur verið gagnrýnd fyrir að vera óreiðukennd og ekki nægilega aðgengileg.

Helstu veikleikar í innri starfi skólans eru, óreiðukennd heimasíða, læti í matsal, rótleysi í stoðþjónustu skólans, minnkuð starfsánægja og starfsandi starfsfólks ekki nægilega góður, starfshættir skólastjóra, valgreinar, virkni foreldra í námi barna sinna og upplýsingastreymi innan skólans og aldur starfsfólks.

8.4 Tækifæri

Tækifærin virðast liggja víða og eru þar nefndir nokkrir þættir. Samstarf við aðra skóla er eitt dæmi um tækifæri sem skólinn getur gripið. Flóaskóli hóf á skólaárinu samstarf við Barnaskólann á Eyrabakka og Stokkseyri og Kerhólsskóla og fer það samstarf vel af stað. Ýmis tækifæri liggja í skólaþjónustu Árnesþings og mikil ánægja hefur verið með skólaþjónustuna og hægt er að nýta sé þjónusta hennar mun meira. Í nýjum kjarasamningum kennara felast tækifæri til nýrra starfshátta. Fræðslunefnd skólans er góð og styðjandi við skólann og hægt

er að nýta sér styrk hennar enn frekar. Tengsl fólks á svæðinu og hlýhug samfélagsins í garð skólans þarf að virkja og hlúa að. Efla enn frekari tengsl við nærsamfélagið. Tala meira um það góða starf sem á sér stað í Flóaskóla.

Það liggja einnig tækifæri í tækninni en með aukinni notkun fólks á samskiptaforritum og notkun á netinu er möguleiki fyrir skólann að ná enn betra sambandi við foreldra og skólasamfélagið í heild sinni t.d. með meiri notkun vídeomiðla. Einnig býður tæknin upp á möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar á nýjan hátt.

8.5 Ógn/gæta að

Þeir þættir í ytra umhverfi skólans sem þaf að varast eru þættir eins og kjarasamningar en þeir geta haft í för með sér neikvæða umræðu. Það sem gæta þarf vel að í litlu skólasamfélagi eru einnig tengsl milli aðila en gæta þarf vel að fagmennsku og reyna koma í veg fyrir að hagsmunatengsl. Gæta þarf vel að því að umtal um skólann sé jákvætt og gagnrýnandi.

8.6 Viðbrögð og úrbætur

Hægt er að nýta styrkleika skólans til að reyna að útiloka eða einangra veikleika hans. Skólinn þarf að vera meðvitaður um ytri þætti sem hafa áhrif á skólann, grípa þau tækifæri sem leynast, jafnt og að vera á varðbergi með þá utanaðkomandi þætti sem geta haft neikvæð áhrif á skólann og ógnar stöðuleika skólans og möguleikum hans til framþróunar.

Unnið verður áfram með styrkleika skólans og þeir styrktir enn frekar. Hlúð verður að námi og kennslu með áframhaldandi áherslu á teymiskennslu, markvissri símenntun starfsfólks. Eineltisáætlun skólans verður áfram virkur þáttur í skólastarfinu og áhersla á að styðja við nemendur félagslega og andlega verður þróað enn frekar og verður til að mynda starfandi teymi sem hefur það hlutverk að leiða áfram vinnu við innleiðingu á uppeldi til ábyrgðar, við skólann mun starfa talsmaður nemenda í 80% starfshlutfalli og ráðin hefur verið náms- og starfsráðgjafi sem mun starfa við skólann í 1 ½ dag í viku. Stutt verður áfram við kennara og í

fyrsta sinn hefur verið gefin út símenntunaráætlun til að styðja enn frekar við sí- og endurmenntun kennara og starsfólks skólans.

Reynt verður að greina veikleika skólans enn frekar á komandi skólaári. Nú þegar eru hafnar úrbætur á kaffiaðstöðu starfsfólk og vinnuherbergi skólans. Skrifstofur skólastjórnenda hafa verið færðar í miðju skólans til að auka aðgengi að skólastjórnendum bæði fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Skólastjórnendur deila sameiginlegri skrifstofu.

Starfsfólk skólans fékk í upphafi skólaársins námskeið um heildarhugsun. Námskeiðið er hugsað til að styrkja starfsmannahópinn í því að beita heildarhugsun. Heildarhugsun snýst um að virða ólíkar manngerðir og þróa með sér hæfni á þeim sviðum sem við eigum síður tilhneigingu til.

Heimasíða skólans hefur verið endurgerð frá grunni, settar hafa verið inn mun fleiri upplýsingar, hún gerð notendavænni og unnið var með útgangspunkturinn að hún væri vel skipulögð og aðgengileg. Nú þegar hefur heimasíðan fengið jákvæð viðbröð.

Valgreinarnar jafnt og list- og verkgreinar hafa verið endurskoðaðar af kennurum og farið var í að vinna nýtt form á bæði list og verkgreinum frá 6. bekk og uppúr og fléttast hluti valgreina á unglingastigi inn í það verkefni.

Mötuneytið. Ákveðið hefur verið dreifa nemendum betur í matartímanum í von um að færri nemendur í einu muni skapa rólegra andrúmsloft í matsalnum, einnig munu kennarar matast með nemendum á nemendaborðum en starfsmannaborðið í matsalnum verður ekki lengur til staðar og fá starfsmenn matinn inn á kaffistofu starfsfólks.

Boðið verður upp á hafragraut og lýsi og íslenskt grænmeti í stað ávaxta fyrstu fjórar vikurnar í upphafi skólaárs og síðan metið hvort haldið verður áfram með það.

Upplýsingastreymi skólans verður reynt að bæta með ítarlegri vikupóstum frá stjórnendum og munu þeir koma á fimmtudögum í stað föstudaga.

Áfram verður unnið með vinnumat kennara á þann hátt að það þjóni skólastarfinu sem best. Áfram verður unnið í að styrkja samstarf við nærsamfélagið og aðra skóla.

